

**Ed.**

## **212. Breytingartillaga**

við till. til þál. um heimildasöfnun frá útlöndum um framlög úr ríkissjóði í nokkrum löndum til skálda og listamanna.

Frá Kristni E. Andréssyni.

Í stað 2. og 3. tölul. tillgr. koma 3 tölul., svo hljóðandi:

2. Hver eru framlög ríkisins og einstakra bæjarfélaga til ýmissa listgreina, svo sem hljómlistar og leiklistar, og liststofnana (listasafna, listaskóla, listaháskóla)?

3. Hve miklar tekjur hafa rithöfundar og aðrir listamenn af verkum sínum (verð á listaverkum, ritlaun fyrir bækur o. s. frv.)?

4. Jafnframt séu fengnar upplýsingar um sjóðstofnanir, er veita fé til listamanna og listastarfsemi þessara ríkja.